

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Svalbarðsstrandarhreppi.

#### Íbúðarsvæði í Halllandi, Íb-15.

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps samþykkti á fundi sínum 14. febrúar 2024 eftirtalda breytingu á deiliskipulagi íbúðarsvæðis í Halllandi, Íb-15:

- Byggingarreitur lóðarinnar Hulduheima 11 er stækkaður til norðurs og austurs.

#### Íbúðarsvæði í Halllandi, Íb-15, 2. áfangi.

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps samþykkti á fundi sínum 14. febrúar 2024 eftirtaldar breytingar á deiliskipulagi íbúðarsvæðis í Halllandi, Íb-15, 2. áfanga:

- Byggingarreitur lóðarinnar Hulduheima 15 er stækkaður til norðurs og suðurs.
- Byggingarreitur lóðarinnar Hulduheima 17 hliðrast til norðurs og vesturs auk þess sem heildarbyggingarmagn á lóðinni Hulduheimum 17 er aukið.

#### Íbúðar- og frístundabyggð í Kotabyggð.

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps samþykkti á fundi sínum 14. febrúar 2024 eftirtaldar breytingar á deiliskipulagi íbúðar- og frístundabyggðar í Kotabyggð:

- Lóðum nr. 8, 13 og 15 er breytt í íbúðarlóðir.
- Lóð nr. 31 er stækkuð til austurs og byggingarreitur stækkar og færast austar.
- Suður- og norðurmörkum lóðar nr. 20 er hnikað til norðurs.
- Lóðarmörk milli lóða nr. 21 og 26 eru lagfærð til samræmis við upphaflegan uppdrátt af deiliskipulagi Kotabyggðar frá 1994 og stærð lóðanna breytist.
- Byggingarreitur á lóð nr. 16 stækkar til austurs.

Breytingarnar teljast óverulegar með tilliti til gr. 5.8.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Deiliskipulagsbreytingarnar hafa hlotið meðferð skv. 43. og 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*F.h. Svalbarðsstrandarhrepps, 15. febrúar 2024,*

**Vigfús Björnsson** skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 1. mars 2024